

...vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf...

Rætur og ræktarsemi Stefáns Einarssonar frá Höskuldsstöðum í Breiðdal
við byggðarlagið sitt!

Erindi flutt á málþingi til heiðurs Stefáni Einarssyni laugardaginn 11. júní 2011 í Gamla
kaupfélagshúsinu á Breiðdalsvík
Páll Baldursson

Góðir hátíðargestir!

Ég vil byrja á því að óska okkur öllum til hamingju með þennan dag og bjóða ykkur velkomin í þetta fallega hús. Gamla kaupfélagið. Sem er elsta húsið í þorpinu okkar, reist árið 1906 og hefur nú verið endurbyggt á fallegan hátt. Og hefur síðan haustið 2008 hýst fjölmarga viðburði, sýningar og fleira, þannig að segja má að þetta hús sé orðið Menningarhús okkar Breiðdælinga.

Nú við erum sem sagt saman komin hér í dag til þess að heiðra minningu Stefáns Einarssonar frá Höskuldsstöðum í Breiðdal. Þó svo að örlögin hafi orsakað það þannig, að ævi og starf Stefáns hafi að megin hluta verið víðs fjarri Breiðdal, þá er ljóst að hugurinn var gjarnan og títt hér eystra, og þá ekki síst hér í Breiðdal.

Hver var Stefán Einarsson?

Stefán fæddist á Höskuldsstöðum í Suðurdal í Breiðdal 9. júní 1897. Foreldrar hans voru hjónin Einar Gunnlaugsson, bóndi og póstafréiðslumaður þar, og Margrét Jónsdóttir húsmóðir. Einar faðir Stefáns var ættaður frá Flögu í Breiðdal, en Margrét móðir hans var frá Klyppstað í Loðmundarfirði, en hún var dóttir sr. Jóns Jónssonar prest þar og síðar í Kirkjubæ í Hróarstungu. Móðir Margrétar, Þórunn, var dóttir sr. Magnúsar Bergssonar prests í Eydölum. En Margrét var einmitt til heimilis (líklega vinnukona) á Eydölum, síðasta árið sem sr. Magnús þjónaði þar. Og þetta ár kynntist hún og Einar og giftust þau 19. júní 1890 og settust að á Höskuldsstöðum. Einar var 13 árum eldri en Margrét og hafði verið áður heitbundin Guðnýju Árnadóttur frá Randversstöðum, en hún lést áður en þau náðu að gifta sig. Einn son áttu þau, Björn, en hann varð síðar úti í ofsaveðri í túninu á Höskuldsstöðum 17. ára gamall 15. febrúar 1889.

Þau Einar og Margrét eignuðust dóttur, Aðalheiði 2. júní 1891, en hún lést eftir veikindi tæplega 17 ára gömul. Var þá gerður heimagrafreitur á Höskuldsstöðum, sem er í dag hvílustaður hjónanna og barna þeirra.

Helstu æviatriði!

Stefán var fæddur eins og áður sagði 1897 og ólst upp á Höskuldstöðum. Síðar sagði hann sjálfur svo frá að þegar í ljós kom að hann þekkti ekki frá sauð í hjásetunni og var þungur til verka, en vildi alltaf liggja í bókum hafi Margrét móðir hans ákveðið að hann skyldi ganga menntavegin. Jafnframt hefur verið sagt að eflaust hefur hún viljað stuðla að því að hann nyti þeirrar menntunar sem hún þráði sjálf en fór á mis við.

En til eru heimildir um að Margrét var ötull þátttakandi í ýmiskonar félagsstarfi, og sem dæmi má nefna að hún var fyrsti formaður Góðgjörðafjelagsins Einingar sem starfaði hér í sveitinni um áratugabil. (Forveri Björgunarsveitar með sama nafni í dag). Jafnframt eru til heimildir um leikrit sem Margrét samdi og flutt voru á svokölluðum Einingarsamkomum hér í sveitinni, og eins á aldamótahátíð sem haldinn var á Eydölum 23. maí 1901.

Frásögn eina kann ég tengda Stefáni og námi hans, og vitnar að mínu viti vel um það hversu stolt móðir hans var gagnvart námi hans. En föðuramma mín Hlíf Magnúsdóttir sagði mér eitt sinn frá því að hún hefði verið 8 eða 9 ára gömul og á ferð með föður sínum Magnúsi Gunnarssyni (frá Brekkuborg og síðar Skriðu), og þau hafi verið við Kleifarbrautina fyrir neðan Ytri Kleif, þegar þau mæta eða hitta Margrétu. Þegar amma sagði mér þessa sögu, komin vel yfir nírátt, sagðist hún muna það svo vel, að hún sægi það enn fyrir sér hversu stolt þessi kona var, þegar hún ljómaði öll og fór að segja þeim að nú væri hann Stefán sinn orðinn stúdent. Amma vissi náttúrlega ekki þá hvað það væri að vera stúdent, en miðað við gleði og ánægju Margrétar, hlyti það að eitt það besta sem hægt væri að vera.

En annars var skólaganga Stefáns nokkurn veginn svona:

Hann fór fyrst í Gagnfræðiskólanum á Akureyri 1913 til 1914 og síðan í Menntaskólann í Reykjavík, þar sem hann tók stúdentspróf árið 1917. Að loknu stúdentsprófi var Stefán síðan eitt ár í heima í Breiðdal, en hóf svo haustið 1918 nám í heimspekideild Háskóla Íslands og lauk þaðan prófi árið 1923. Árin 1924 til 1925 var Stefán við nám í Helsinki, en doktorsprófi lauk hann síðan frá Óslóarháskóla árið 1927.

Árið eftir var honum boðið að koma að enskudeildinni við John Hopkins háskóla í Baltimore í Maryland í Bandaríkjunum sem gestakennari. Nú örlögin höguðu því svo þannig að Stefán starfaði alla sína starfsævi við John Hopkins háskóla, þar sem hann varð prófessor til starfsloka árið 1962. Starf Stefáns í John Hopkins var aðallega við enskudeild skólans og þá sem kennari í norrænni og enskri (væntanlega einkum fornenskri) málfræði ofl.. Eftir að Stefán lét af störfum fluttist hann heim til Íslands og bjó í Reykjavík þar til að hann lést á Hrafnistu 9. apríl 1972 þrotinn að heilsu.

Stefán var tvíkvæntur, en eignaðist ekki afkomendur. Fyrri kona hans var Margarete frá Pernau í Eistlandi, en Margarete lést nokkuð fyrir aldur fram árið 1954. Síðari kona Stefáns var Ingibjörg Jónheiður Árnadóttir frá Narfakoti í Innri Njarðvík. En þau kynntust þannig að Ingibjörg var hjúkrunarkona Halldórs Hermannsonar prófessor og bókavarðar í Íþöku í Bandaríkjunum.

Ingibjörg lést eftir langa sjúkdómslegu 26. nóvember árið 1980. Fyrri maður Ingibjargar var Björn Björnsson gullsmiður og teiknikennari, en Björn lést fyrir aldur fram 1939. Börn þeirra voru Sigríður, Jón Hallgrímur og Árni. En það eru afkomendur Ingibjargar og fulltrúar þeirra sem meðal annarra hafa varðveitt gögn Stefáns og heimildir, og eiga því stóran hlut í því að gera þennan dag í dag mögulegan.

En áfram að Stefáni. Þá var honumfalin fjölmörg önnur trúnaðarstörf. Hann var heiðursfélagi í fjölmörgum íslenskum og amerískum fræðafélögum, einn af fyrstu íslensku ræðismönnunum sem skipaðir voru, og þannig mætti áfram telja.

Rétt finnst mér að nefna það hér, sem er dálítið sérstætt, að tvö rit hafa verið gefin út Stefáni til heiðurs: Í fyrsta lagi er það rit sem var tilbúið í handriti og afhent Stefáni í kveðjuhófi í John Hopkins háskóla, er hann hætti en kom síðan út árið 1968. Og síðan er það rit sem kom út árið 1986, eða 14 árum eftir lát hans og nefnist *Studies in Germanic Philology*.

Stefán var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1939 og heiðursdoktor frá Háskóla Íslands varð hann árið 1962.

Stefán var ótrúlega atorkusamur fræðimaður, og þeir félagar mínir hér á eftir munu m.a. gera betur grein fyrir því, hver á sinn hátt. En mér langar þó að sýna ykkur þennan lista. Einhver ykkar grunar kannski hvað þetta er, og sum hver hafið kannski séð hann áður. En þetta er ritaskrá Stefáns í heild, þ.e. útgefnar bækur og birtar greinar. Færslurnar hér eru 523 talsins, og spanna tímabilið frá 1920 til 1969.

Frá því að þessi listi var settur svona upp, með smáu lettri, hefur mér ávallt þótt hann segja meira en nokkur orð um það hversu atorkusamur fræðimaður Stefán var.

En þótt verkin og störfin hafi verið að mestum hluta í vesturheimi, þá var hugurinn gjarnan oft á tíðum hér í Breiðdal...

Römm er sú taug!

Stefán hélt greinilega miklum tengslum við Breiðdal og Austurland og sést það m.a. af

bréfaskriftum hans við vini, ættingja og fleiri. Gjarnan var það í tengslum við hinn mikla áhuga hans á söfnun á örnefnum, sögnum, sögum, vísnum, og öðrum þjóðlegum fróðleik.

En Stefán skildi eftir sig gríðarmikið handrita- og bréfasafn sem hann arfleiddi Háskólabókasafni. Það safn er nú varveitt í Handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Þjóðarbókhöðu. Safnið er með þeim stærri sem Handritadeildin varðveitir og er fjöldi bréfitara til Stefáns með hreinum ólíkindum, enda er safnið hreinn fjársjóður um líf og störf sitt hvorum megin við hafið. Og mun án efa eftir að nýtast fræðimönnum um ókomna tíð.

Hér er rétt að hafa í huga að efniviður Stefáns í verkum sínum var gjarnan á Íslandi, en hann hinu megin við hafið. Í dag væri þetta lítið vandamál, ferðir nokkuð tíðar, tölvupóstur, gemsar, facebook og hvað það nú heitir. En á tímum Stefáns var þetta sannarlega með örðum hætti.

Stefán kom að vísu nokkrum sinni til Íslands til þess að safna efni, en mestan hluta fékk hann með því að skrifast á við mikinn fjölda fólks.

Einn af þeim sem Stefán skrifaðist á við, alla ævi var Sigurjón Jónsson í Snæhvammi. Sigurjón var móðurafi minn og nýt ég þess í dag að varðveita bréf Stefáns til Sigurjóns, en bréf Sigurjóns aftur á móti eru eðlilega varðveitt í safninu í Handritadeild í Þjóðarbókhöðunni. Þeir Sigurjón og Stefán voru æskuvinir, en einungis eitt ár var á milli þeirra og dvöldu þeir m.a. á sama tíma að hluta við nám í Reykjavík.

Ég ætla hér á eftir að birta brot úr nokkrum bréfum Stefáns til Sigurjóns, en þau lýsa að mínu mati mjög vel tengslum Stefáns við sveitina sína og það hversu umhugað honum var að skrifa sögu hennar, örnefni, og annar þjóðlegan fróðleik. Einnig varpa þau vel ljósi á að það hefur engan veginn verið einfalt að vinna með efni og upplýsingar sem yfirleitt voru hinu megin við heilt heimshaf.

Fyrst vil ég þó sína ykkur lista yfir helstu bækur Stefáns sem tengjast Breiðdal og Austurlandi

Fyrst er hér að nefna Sögu Eiríks Magnússonar, sem kom út árið 1933. En Eiríkur var ömmubróðir Stefáns, sonur sr. Magnúsar Bergssonar í Eydölum. En þess má geta að Eiríkur starfaði sem bókavörður við háskólabókasafnið í Cambridge í Englandi.

Næst er að nefna: Breiðdæla - Drög til sögu Breiðdals, sem kom út árið 1948. Stefán var án efa einn af aðalhvattamönnum fyrir því að koma Breiðdælu út og skrifaði nokkra kafla í henni sjálfur. Eins sá hann um að safna miklu að efninu saman. Fyrir utan að vera með fyrstu byggðasöguritum, þá er bókin í dag góð heimild um lifnaðarhætti og fleira í íslenska sveitasamfélaginu frá miðri 19. öld og fram á þá 20.

Síðan ritaði Stefán tvær ferðafélagsbækur um Austurland og komu þær út árin 1955 og 1957, þ.e.a.s. Austfirðir sunnan Gerpis og Austfirðir norðan Gerpis.

Að síðustu má svo hér nefna bókina Austfirsk skáld og rithöfundar, sem kom út árið 1964. En bókin var í 6. bindið í ritflokknum Austurland, safn austfirskra fræða.

Þessu til viðbótar var náttúrliga fjöldi greina eftir Stefán í blöðum og tímaritum tengdar Breiðdal og Austurlandi:

Örnefnasöfnun:

Stefán vann ötullega að söfnun örnefna í Breiðdal og á Austurlandi um árabil og ljóst er að sú vinna hans var nátengd öðrum verkum hans svo sem Breiðdælu, ritun Árbóka Ferðafélags Íslands, og fleiru. Stefán var óþrjótandi að hvetja aðra við söfnun örnefna, og ferðaðist sjálfur talsvert um Austurland til þess að leita heimilda.

Nú Svavar mun fara betur yfir örnefnasöfnunina á eftir, en mér langar þó að lesa úr bréfi Stefáns til Sigurjóns dagsettu 6. mars 1931:

“Kæri vinur!

Illu þykir mér þú reynast um bréfaskriftirnar og lán gleiður er ek orðin að bíða svars frá þér. Raunar þykist ég skilja hvar fiskur liggur undir steini, ég mun hafa lagt alltaf margar spurningar fyrir þig í einu og óhægt að draga saman svör við þeim öllum.

Ég hef nú skrifað Óla Guðbrandssyni og Jóni Gunnarssyni - auk þín og beðið þá um örnefni frá Þorvaldsstöðum, Tóarseli, Hlíðarenda, Skriðu og Skriðustekk, - og enginn svarar! Og enn vantar mig Fell, Ormsstaði, Þverhamar, Snæhvamm, - Eyjar og Streiti. Þar reiknaði ég og reiddi mig upp á þig.

(Og aftur seinna í bréfinu)

“Geturðu komið orðum til Benna í Stöð og Sveins Benediktssonar að ég sé orðinn lán gleiður eftir línunum frá þeim.”

Enn er Stefán með hugann við örnefnin, og reyndar er það svo að í flestum bréfunum hans til Sigurjóns, koma þau til tals. Í bréfi sem dagsett er 29. nóvember 1956, er hann enn að hvetja vin sinn til verka:

“Nú má vel vera að þú gætir skrifað upp fyrir mig öll örnefni á Kömbum og Heyklifi, kannski

líka á Hvalnesi næsta bæ. Og því meir sem þú ýttir á eftir Stöðfirðingum og Nönnu, því betra þætti mér.

þegar ég kem ætla ég að hafa með mér öll örnefni á Strönd og í Breiðdal og láta kallana leiðrétta þau og leyfa þeim að afrita ef þeir vilja.“

Upptökur:

Í Árnastofnun eru varðveittar upptökur sem Stefán tók á Austfjörðum í september 1954 og svo aftur sumarið 1957. Um er að ræða 5 spólur sem innihalda um 1 og ½ klukkustund af efni.

En Stefán var í þeirri vinnu m.a. að taka upp framburð og raddir, þjóðfræðilegan fróðleik, rímur, stökur ofl.

Til er skemmtileg frásögn í bréfi dagsettu 17. október 1952 til Sigurjóns.

„Já blessaður kallinn hann Jón Björgólfsson, sá man nú sitthvað og það sem best er, að hann getur hermt eftir köllunum. Hann hermdi eftir Birni gamla Björnssyni svo að mér heyrðist kallinn lifandi kominn! Þú ættir nú bara að slá þér upp á því að skrifa ævisögu Jóns eins og Hagalín ævi Sæmundar. Betra væri þó að taka alla frásögnina upp á rafband og geyma Jón talandi niðrí dós! Í dós vildi ég líka geyma talanda Gísla á Brekkuborg, því hann hygg ég tala einhverja þá allrafallegustu Breiðdælsku sem ég heyrði síðast heima.“

Það ánægjulega við þessa frásögn er að um tveimur árum eftir að þetta bréf er skrifað eru raddir þessara tveggja heiðursmanna ásamt fleirum komnar fram talandi niðrí dós.... Stefáni að þakka.

Og því finnst mér viðeigandi núna að við fáum að heyra örstutt í þessum heiðursmönnum, þó svo Smári mun svo gera betur grein fyrir hljóðdæmum í erindinu sínu á eftir. En fyrst Jón bóndi á Þorvaldsstöðum.

(Upptaka Jón)

Síðan er það meðhjálparinn, Gísli á Brekkuborg.

(Upptaka Gísli)

Góðir gestir,

Eins og ég hef nokkrum sinnum nefnt hér þá var hugur Stefáns oft á tíðum í Breiðdal. Og með fjölmörgum verkum sínum tókst honum jafnframt að varðveita skemmtilegar heimildir héðan sem annars hefðu að öllum líkindum fallið í glatkistuna. Því fer vel á því að við séum

hér samankomin í dag, á laugardegi fyrir Hvítasunnu, í júníbyrjun nærri fæðingadegi hans, að heiðra minningu Stefáns Einarssonar frá Höskuldsstöðum.

Ég vil ljúka þessu erindi mínu um rætur Stefáns í Breiðdal og tengsl hans við byggðarlagið, með orðum hans sjálfs úr bréfi til Sigurjóns í Snæhvammi:

“Ég ætla að biðja þig að heilsa kunningjunum í kring, tengdafólkinu öllu. Ég vildi óska að hér væri skemra á milli en heilt heimshaf, þá myndi ég koma og kjafta við þig á helgum.”